



Innkaupa- og framkvæmdaráð

16106 Endurnýjun skrifstofurýmis FAS

Tilboð í ofangreindu útboði voru opnuð þann 26. júní 2025 og skiluðu níu fyrirtæki inn tilboði í einn eða fleiri hluta.

Við mat á tilboðum var litið til verðtilboðs í samræmi við skilmála útboðsgagna. Um er að ræða almennt útboð í samræmi við lög um opinber innkaup nr. 120/2016 og var útboðið auglýst innanlands og á EES.

Um er að ræða útboð vegna endurnýjunar skrifstofurýmis Fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12–14, 4. hæð. Útboðið nær til endurnýjunar innréttinga, lausra húsgagna, glertaflna, lofthljóðvistarlausna og gólfefna, auk gluggatjalda og annarrar tengdrar aðstöðu. Samningstími miðast við afhendingu og uppsetningu á haustönn 2025 í samræmi við tímaramma verkefnisins.

Það er jákvætt að niðurstaða liggur nú fyrir í nokkrum hlutum og eru boðin þar í samræmi við kröfur og áætlaðan kostnað.

Lagt er til að gengið verði að lægsta gilda tilboði í eftirfarandi liðum:

- Hluti 2 – Innréttingar: Sýrusson hönnunarhús ehf.
- Hluti 4 – Húsgögn A: Sýrusson hönnunarhús ehf.
- Hluti 4 – Húsgögn B: Egilsson ehf.
- Hluti 6 – Glertöflur: Sýrusson hönnunarhús ehf.

Fyrirtækin hafa staðist fjárhagsskoðun skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar og tæknilegt mat hefur verið unnið í samstarfi við hönnuði verkefnisins.

Jafnframt er óskað eftir heimild til samningskaupa án undangenginnar útboðsauglýsingar í samræmi við 12.4. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar og a-lið 39. gr. laga um opinber innkaup vegna eftirfarandi hluta:

- Hluti 1 – Gólfefni
- Hluti 5 – Lofthljóðvistarlausnir

Ástæða beiðinnar er að engin fullnægjandi tilboð bárust í ofangreinda hluta og eru því uppfyllt lagaskilyrði til að fara þá leið. Ekki verður vikið frá upphaflegum skilmálum útboðsgagna við samningsgerð.

Mat á tilboðum í hluta 3 - Gluggatjöld stendur enn yfir. Beðið er eftir efnis- og litaprufum og staðfestingu á útfærslu falds áður en tillaga að vali verður lögð fyrir ráðið. Gert er ráð fyrir að leggja fram erindi um þann hluta til afgreiðslu á næsta fundi.

Virðingarfyllt
Halldóra Káradóttir
Fjármála- og áhættustýringarsvið
Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Hjálagt: Opnunarfundargerð